

28/5/50

MÁLASAFN

Sigurður Þórarinsson

142.24

B2M281 - D

S K I R S L A

Um jarðfræðilegar athuganir í sambandi við fyrir-hugaðar virkjanir á Fljótsdalshéraði.

p. 4. ág. 1949 fór ég frá Reykjavík áleiðis til Egilsstaða á Völlum, en þar skyldi ég hitta Bárð Danielsson verkfræðing, er þar vann þá að mælingum, athuga ásamt honum staðhetti við nokkrar ár, er komið gat til mála til virkjunar og vera honum til aðstoðar og leiðbeiningar um jarðfræðileg atriði í sambandi við þessar athuganir. Til Reykjavíkur kom ég aftur þ. 15. ágúst. Skal nú í stuttu máli gerð grein fyrir athugunum sínum í þessari ferð.

Miðhúsaá og Eyvindará.

Eyvindará hefur upptök í Fönn, sem er smájökull (her horfinn sökum batnandi veðráttu) austur af Eskifjarðarheiði, fellur um Eyvindardal og í Lagarfljót norður af Egilsstöðum og tekur í sig að vestan m.a. Fagradalsá, en að austan Miðhúsaá. Allar eru þessar ár dragár, p.e. vatnsmagn þeirra mun vera mjög misjafnt. Enda þótt hér hagi að ýmsu leyti svipað til og á blágrýtissvæði Vestfjarðakjálkans, virðist mér líklegt, að rennsli Austfjarðaáanna sé ójafnara en Vestfjarðaáanna. Mér virðist áberandi meira af dýaveitum í Vestfjarða-dölunum. Fjöllin eru þar og skálóttari og skilyrði til fannamyndunar betri, enda meiri úrkoma, en þeð dýaveitur og fannamyndun munu stuðla að því að jafna nokkuð rennslið. Hér er þó aðeins um lauslegar athuganir að reða, sem rennslismælingar munu skera fyrir um. En auðsætt er, að á Austfjarðabergvatnsánum yfirleitt eru það fyrst og fremst möguleikar til vatnsmiðlunar, sem eru afgerandi um notagildi á Anna til virkjunar.

Eini virkjunarmöguleiki í Lyvindará er í gljúfrinu niður undir þjóðvegi og hvergi í þeirri á virðast möguleikar vil miðlunar eða uppi-stöðumyndunar. Mun hún því vart koma til greina til virkjunar. Betri eru skilyrðin í þverá hennar Miðhúsaá. Miðhúsaá á upptök á Fjarðarheiði í um það bil 600 m hað. Stiflustæði þau í ánni, sem til greina koma, hafa verið mald af Bárði Danielssyni og er frá jarðfræðilegu sjónarmiði ekkert út á þau að setja, alls staðar grunnt á fast þétt berg í árbotni og lekahætta lítil sem engin, enda hvergi um hāa stiflu að raða. Á pípustæðunum niður hlíðina er sumstaðar nokkuð þykkur jarðvegur, sem ber nokkur merki um jarðskrið (sólifluktion), en þó mun viðast auðvelt að "fundera" pípustæðin á klöpp. Eflaust getur vatnsrennsli þessarar ár orðið þverrandi lítið, því hún virðist vera týpisk dragá. Hins vegar eru allmiklir miðlunarmöguleikar. Í fyrsta lagi er mögulegt að stifla upp allmikið lón rétt upp af vestri heiðarbrúninni. Þetta lón myndi að verulegu leyti stiflast upp af urðarhólum, sem Miðhúsaá hefur grafið sér farveg gegnum. Tel ég líklegt, að þessir hólar myndu ekki leka, þótt parna yrði 2-3 m há stífla, því urðin er leirborin og virðist næsta vatnspétt, enda stendur vatn þar uppi í bollum, en með slíkri stiflu yrði parna allverulegt lón. Það er og til hagræðis fyrir "regleringu" rennslis fyrí því lóni, að þjóðvegurinn liggur parna rétt hjá og því fljóttlegt að komast þangað neðan frá stöðvarhúsi. Um 1 km. norðaustur af Norðurbrún og vestur af Kötluhrauni (í NW-horni kortsins 114) er lítil vatn, sem hefur afrennsli í Gilsá, en er alveg á vatns-skilum, og þegar hátt er í því, hefur það einnig afrennsli til Miðhúsaár (sjá meðfylgjandi kortsskissu). Ná parna veita öllu afrennslinu til Miðhúsaár með jarðstiflu í afrennslum til Gilsár. Þó er ég hræddur um, að leki geti komið fram nokkru austan við þessa stiflu (sjá kort-skissuna), því þær eru dýaveitur austan í urðarrananum, sem stifla upp vatnið, en virðist fá rennsli fyrí vatninu, sem því líklega myndi aukast ef vatnsborð vatnsins hekkaði. A.s.k. Vatnshæðum, suðvestur af Heiðar-vatni er og smávatn (661), sem á kortinu er sýnt afrennslislaust, en

kunnugur maður, Björn á Eyvindará, segir það vatn hafa afrennsli til Miðhúsaár, enda ekki óliklegt af landslagi að dama. Hetti að ðillum líkendum fá þarna nokkra miðlun. Sá er og kosturinn, að með miðlunararlöni upp af heiðarbrúninni er haegt að tæma smávötnin niður í það lón, þegar lækka fer í því og byrfti því ekki að fara margar ferðir árlega að þessum lónum í sambandi við miðlunina.

#### Vestdalsvatn.

Á ferð til Seyðisfjarðar yfir Vestdalshéraði ásamt Bárði Danielssyni athugaði ég miðlunarmöguleika í Vestdalsvatni, en það er allstórt vatn og næsta djúpt. Afrennsli þess er til vestursþ í Gilsá og rennur það í útfallinu yfir ísnúnar basaltklappir. Auðvelt er að hakka vatnið nokkra metra með stíflu yfir útfallið og fá með því miðlun í Gilsá. Hins vegar er engin leið að koma afrennsli vatnsins frá upptakakvíslum Vestdalsár og kemur þessi möguleiki ekki til greina, sökum þess hve göngin yrði löng og dýr.

#### Grímsá í Skriðal.

Grímsá í Skriðal er, (að Múlaá og Öxará meótöldum), með lengstu og vatnsmestu bergvatnsáum á Austurlandi. Einn foss er í þeiri á, allhár, rétt sunnan við útfall Gilsár, hefur komið til mála að virkja foss pennan. Stíflustaði er það hið samilegasta og sama er að segja um bípu- og stöðvarhússtaði. Um miðlun í Grímsá kemur einkum einn möguleiki til greina, sem sé sá, að stífla upp og steikka Skriðuvatn í Suðurdal. Vatn þessa hefur myndast á pann hátt, að niður frá Haugafjalli hafa skömmu eftir ísöld hlaupið niður skriður miklar, einar hinar mestu á landi hér, hinir s.k. Haugahólar. Hafa skriður þessar hlaupið þvert norður yfir dalinn og stíflað upp mikið vatn fyrir sunnan, en það hefur síðan grynnzt og minnkað, þeði vegna framburðar og vegna þess að frárennslisáin (Múlaá) hefur grafið sér farweg gegnum skriðuhóllana nyrzt. Löngu eftir að Haugahólar hlupu fram

hefur skriða fallið niður norðurhlíð dalsins og e.t.v. hakkað vatnið eitthvað um tíma.

Til þess að stakka Skriðuvatn verður að stifla farveg árinnar, þar sem hún rennur nyrzt við hólana, auk þess verður að stifla upp tvö skörð milli hólanna (sbr. meðfylgjandi skissu). Að börnu leytti mun vatnið stiflast upp af skriðuhólmum. Nú eru skriðuhólar að öðru jöfnu lekari en jökulurðarhólar eins og m.a. Stifluhólar í Fljóttum eru dами um. Er því nokkur hætta á að leki komi fram við Haugahóla, en það er þó að aðgæta, að hér mun ekki verða há stifla og vatnsþrýstingurinn því miklu minni en við Stifluhólanu.

Verði horfið að því að virkja Grimsá, varí athugandi, hvort ekki metti fá nokkra miðlun í upptakavötnum Úxarár (ár þeirrar, er fellur í Skriðuvatn) þessi vötn, Ödáðavötn, eru allstór. Eg hefi ekki komið að þeim, en af kortunum að dama virðist sem þarna gætu verið einhverjir möguleikar til miðlunar.


#### Rangá.

Rangá rennur úr Sandvatni, stöðuvatni allstóru á Fellsheiði, en í vatn þetta rennur Sandá, sem úpptök hefur í smávatni, Álfavatni sunnar á heiðinni. Ásamt Bárði Danielsyni athugaði ég stíflustæði í Rangá og möguleika til miðlunar í Sandvatni. Við stíflustæði þau, sem mæld hafa verið í ánni, er frá jarðfræðilegu sjónarmiði ekkert varhugavert. Bezt virtust mér efstu stíflustæðin, norður af Rangárhnjúk. Hvað Sandvatni viðvíkur skal á það bent að verði það hakkað meir en 2-3 m, far það afrennsli til Sandár, sem rennur til Jökulsá á Dal. Á milli upptaka Sandár og vatnsins er melholt 2-3 m hátt; en sá melur laus í sér og myndi hraðgraðast niður, ef vatn neði að renna þar yfir. Líklega yrði að gera jarðstíflu alla leið frá útfalli vatnsihs til Rangár og vestur í haðirnar vestan upptaka Sandár og yrði það næsta löng stifla. Í sjálvfri Rangá mun þurfa steypta stíflu. Möl í steypu mun líklega mega fá við norðvesturströnd

vatnsins skammt vestan útfallsins í Rangá. Við athuguðum einnig þann möguleika að veita Sandvatni yfir hrygginn vestan Grasaxlar og virkja fallið þaðan niður að Fjallsseli (nær 400 m). Ýrði þá að grafa skurð gegnum hrygginn, en hann er 8,3 m yfir Sandvatni þar sem hann er hæstur og um 0,5 km á breidd þar til komið er niður í heð Sandvatns austan í honum. Hryggur þessi er að miklu leyti úr föstu bergi (basalti) þóku botnurðarlagi ekki þykku. Pipustæði niður eftir hlifönni niður að Fjallsseli er ekki gott.

28/V, 1950

Sigurður Þórarinsson  
(sign)



Til Gilsárt  
 ↓  
 Eftir þessum farvegi  
 rennur vatn þegar hatt  
 eri stöðuvatnini.


Til Midhássárt

MÁLAGAFN

142.24

Vatn á Fjardarheiði.

B2M-281



MÁLASAFN

142.24

Skriðuvatn

og Haugahöllar.

B2 M-281.